

## Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS-HÍ)

### Yfirlit um starfsemi ársins 2013 (júní) - 2014 (ágúst) kynnt á aðalfundi RANNUM 25. ágúst 2014

Forstöðumaður: Sólveig Jakobsdóttir, dósent við MVS-HÍ

Stjórn RANNUM var tilnefnd til þriggja ára á aðalfundi stofunnar 28. mars 2012 í samræmi við nýjar reglur fyrir rannsóknarstofur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Því var ekki þörf á að endurnýja hana á síðasta aðalfundi 15. maí 2013. Hún samanstóð eins og áður af tveimur fulltrúum faghóps í upplýsingatækni og miðlun við HÍ og einum starfsmanni HÍ utan Menntavísindasviðs, tveimur fulltrúum stuðningsaðila stofunnar og tveimur framhaldsnemum. Sólveig Jakobsdóttir var áfram í forstöðuhlutverki fyrir stofuna en aðrir fulltrúar á starfsárinu voru Þuríður Jóhannasdóttir, Ágústa Pálsdóttir, Elínborg Anna Siggeirsdóttir,<sup>1</sup> Hlíf Böðvarsdóttir, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir. Stjórnin hélt þrjá fundi á starfsárinu (20.8.2013, 8.2. 2014 og 27.6. 2014) en hafði annars samskipti með tölvupósti. Áfram eru 40 einstaklingar aðilar að stofunni.<sup>2</sup>

Starfi á vegum RANNUM á árinu 2013-14 má skipta í eftirfarandi þætti:

- Málstofur og gestafyrirlestrar
- Ráðstefnur, málþing, vinnustofur og menntabúðir
- Rannsóknir, þróunarstarf og samstarfsverkefni
- Vefmál, kynningarstarf, tengslanet, fræðsla

#### Málstofur og gestafyrirlestrar

Á haustmisseri 2013 voru ekki sérstakar málstofur á vegum RANNUM. Áherslan var í staðinn á menntabúðir,<sup>3</sup> og hönnunarsmiðju í samvinnu við UT-torg og fleiri fulltrúa Menntamiðju og tengdra torga (sjá hér fyrir neðan undir öðrum liðum).

Á vormisseri 2014 voru hins vegar haldnar þrjár málstofur

- 19.3. Umræðu- og vinnufundur um kennslu í upplýsingatækni og miðlun, jafnréttisstoðina í námskrám og samþættingu kynjasjónarmiða að frumkvæði Rannsóknarstofu RannKyn við Menntavísindasvið og verkefnisstjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.
- 10.4. Interactive distance e-learning in Australia: lessons for m-learning. Dr. Stephen Crump prófessor emeritus og professorial fellow við Graduate School of Education University of Melbourne í Ástralíu.
- 19.5. Crossing boundaries: spaces, places and contexts of learning – Dr. Gráinne Conole, prófessor við University of Leicester og forstöðumaður Institute of Learning Innovation við sama háskóla.

Glærur, upptökur og annað tengt efni hefur verið gert aðgengilegt á vef RANNUM og á árinu höfum við boðið fólki að taka beint þátt í kerfinu Adobe Connect sem nú er aðgengilegt fyrir starfsmenn og nemendur HÍ (<https://c.deic.dk/>).

#### Ráðstefnur, málþing, vinnustofur og menntabúðir

RANNUM tók þátt í undirbúningi **Menntakviku – árlegu málþingi Menntavísindasviðs** 27. september og skipulagði tvær málstofur með sjö framlögum. Málstofurnar voru annars vegar um Menntamiðju: Tengsl starfssamfélaga og rannsóknarsamfélags spjaldtölvur í námi og kennslu (4 erindi) en hins vegar um spjaldtölvur og önnur fartækni í námi og kennslu (3 erindi með umræðu).

<sup>1</sup> Kom inn fyrir 3f í stað Bjarndísar Fjólu Jónsdóttur í október 2013.

<sup>2</sup> Sjá vef <http://skrif.hi.is/rannnum/um-stofuna/stofnadir/>

<sup>3</sup> Menntabúðir eru samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum og þykir ekki síst henta til að efla tækniþekkingu og fá nýjar hugmyndir um hvernig nýta megi tækni í námi og kennslu. Lögð er áhersla á tengslamyndun fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi. Einnig er lögð áhersla á að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og veita þátttakendum tækifæri til að læra og prófa sig áfram.

RANNUM stóð að skipulagi menntabúða (Educamp) ásamt UT-torgi (sem sett var á laggirnar sumarið 2013) og fleiri aðilum (sjá upplýsingar á <http://uttorg.menntamidja.is>). Undirbúningsfundur var auglýstur á netinu og haldinn 24. október (sjá <http://www.mindmeister.com/340993931>) og voru um ellefu sem mættu. Menntabúðir voru haldnar þrisvar á haustmíssi (31.10., 7.11., 21.11.) og þrisvar á vormíssi (6.2. 25.2. og 10.4.) og voru tengdar við námskeið framhaldsnema við MVS-HÍ á haust- og vormíssi en opin kennurum á vettvangi og kennurum við MVS-HÍ.<sup>4</sup> Þorbjörg Guðmundsdóttir meistaranemi við MVS-HÍ skrifaði um reynsluna af þessum viðburðum á haustmíssinu og Sólveig Jakobsdóttir, Þorbjörg, Bjarndís Fjólá Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir kynntu módelið og reynsluna af því á NERA ráðstefnunni í mars 2014 í Lillehammer. Þær fyrirhuga birtingu greina í íslenskum og erlendum vettvangi um menntabúðir hér á landi. Sótt var um styrk í Kennslumálasjóð HÍ 2014 sem fékkst til að halda úti menntabúðum skólaárið 2014-2015.

Hönnunarmiðja um framtíð tækni og menntunar var haldin í samstarfi við Menntamiðju 20. nóvember 2014 með styrk frá Kennslumálasjóði Háskóla Íslands. Tryggvi B. Thayer aðili að RANNUM og verkefnisstjóri Menntamiðju var í forsvari fyrir undirbúning og skipulagningu smiðjunnar og var Virajitu Singh, sérfræðingi í hönnunarnálgun frá Minnesotaháskóla boðið til að leiða smiðjuna.

RANNUM var þátttakandi í undirbúningi og skipulagi **Alþjóðlega netöryggisdagsins** með SAFT/Heimili og skóla 11. febrúar 2014. Þrír aðilar (Sólveig Jakobsdóttir, Elínborg Anna Siggeirsdóttir og Salvör Gissurardóttir) stóðu fyrir skipulagi málstofu um stafræna borgaravitund og voru með erindi og Tryggvi B. Thayer stýrði henni.

Málþing (seminar) í NordLAC samstarfsnetinu var í Reykjavík 18.-21. maí 2014 með þemanu *Exploring alternative learning spaces as boundary crossing* og var þetta sjötti og næstsíðasti fundur samstarfsnetsins. Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir skipulögðu málþingið fyrir hönd RANNUM í samráði við norsku forsvarsmennina og aðra íslenska þátttakendur. Tveir aðilar RANNUM fluttu erindi í upphafi málþingsins, Sólveig Jakobsdóttir og Tryggvi B. Thayer og Salvör Gissurardóttir tók að sér að sýna hópnum FabLAB. Skúlína Kjartansdóttir hélt erindi um rannsóknir sínar í einni af málstofunni.

## **Rannsóknir, mat, þróunarstarf, samstarfsverkefni**

### *NordForsk verkefnið*

Frá og með sumrinu 2011 hefur RANNUM verið í samstarfsneti með systurstofnunum á Norðurlöndum og í Eistlandi. Sjá nánar á <http://www.uv.uio.no/pfi/english/research/networks/nordlac/>. Aðilar RANNUM í samstarfinu eru Sólveig Jakobsdóttir, Þuríður Jóhannsdóttir og Þorbjörn Broddason og doktorsnemarnir Skúlína Kjartansdóttir, Salvör Gissurardóttir og Stefán Jökullsson. En Raket Pétursdóttir og Tryggvi B. Thayer hafa einnig sótt fundi. Samstarfið hefur styrkt okkur með ýmsum hætti, ekki síst í rannsóknarvinnu um notkun spjaldtölva í skólastarfi. Tvö málþing (fundir 5 og 6) voru haldin á þessu starfsári, annars vegar í Tartu í Eistlandi (þema: How to incorporate fun and creativity in learning research?) í september 2013 og hins vegar í Reykjavík í maí 2014 eins og áður hefur komið fram en þar var einnig áhersla á vinnu tengda bókarskrifum. Unnið hefur verið að undirbúningi bókar um „Lerarning across contexts.“ Þuríður Jóhannsdóttir er fulltrúi RANNUM í ritstjórn og Skúlína Kjartansdóttir er með framlag. Skúlína og Tryggvi Thayer voru með erindi í Tartu. Gert er ráð fyrir að síðasti fundur netsins verði haldinn í Osló um miðjan nóvember 2014.

### *Upplýsingatækni í grunnskólum: Starfsháttaverkefnið og spjaldtölvur í skólum*

Verkefninu Starfshættir í grunnskólum, sem fékk styrk frá RANNÍS í ársbyrjun 2009 (<http://skrif.hi.is/starfshaettir>) og Gerður Óskarsdóttir stýrir, lauk formlega 2011 en vinna tengd verkefninu hefur verið í gangi vegna bókarskrifa. Styrkur fékkst frá RANNÍS til útgáfu bókar og eiga Sólveig Jakobsdóttir, Torfi Hjartarson og Bergþóra Þórhallsdóttir einn kafla (Upplýsingatækni í skólastarfi) sem hefur verið ritrýndur og samþykktur til birtingar. Gert er ráð fyrir að bókin komi út nú í haust.

RANNUM var boðið að taka að sér mat á þróunarverkefni um spjaldtölvur í Norðlingaskóla í ársbyrjun 2012 og hafa tveir fulltrúar okkar stýrt matsþættinum (Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Kjartansdóttir). Sjá ársskýrslu síðasta árs. Á þessu starfsári hefur meiri gögnum verið safnað (kannanir, viðtöl aðallega í júní 2013) og unnið úr fyrirbyggjandi gögnum meðal annars með þátttöku þriggja framhaldsnema haustið 2013. Töf hefur orðið á útgáfu lokaskýrslu en gert er ráð fyrir að hún komi út mjög fljótlega. Styrkur fékkst úr Vinnumálasjóði í matsþáttinn sumarið 2013. RANNUM hefur einnig séð um mat á notkun LearnPad tölva í Álftanesskóla og hefur Skúlína umsjón með því verkefni og meðal annars tekið viðtöl við þátttakendur.

<sup>4</sup> Verkefnið var tengt samningi MVS-HÍ við menntamálaráðuneytið um símenntun kennara á sviði UT og gátu þeir sem vildu fengið staðfestingu frá MVS um þátttöku.

RANNUM stóð að umsókn til RANNÍS í júní 2013 sem hlaut nafnið STAFN (Skólaþróun, tækni, atbeini, farnám og nýsköpun).

Jakobsdóttir, S., Kjartansdóttir, S. H. og Guðbjörnsdóttir, G. (2013). STAFN: School development and technology, students' agency with mobile learning towards innovative learning and school practices - Project grant proposal 2014. [https://dl.dropboxusercontent.com/u/24602162/STAFN/Rannis\\_umsokn\\_STAFN\\_2013.pdf](https://dl.dropboxusercontent.com/u/24602162/STAFN/Rannis_umsokn_STAFN_2013.pdf)

Í umsókninni var gert ráð fyrir samstarfi um þróun fartækninotkunar í skólum. Voru margir skólar og/eða fræðsluumdæmi sem tóku þátt í umsókninni. Styrkur fékkst ekki þó umsókn væri fremur jákvæð en nokkrar rannsóknir meistaránema sem fyrirhugaðar voru í tengslum við verkefnið hafa þó verið gerðar að hluta eða mestu leyti eða eru í deiglu.

### *Menntamiðja*

Aftur var sótt um styrk til RANNÍS í rannsóknasjóð (júní 2013) fyrir verkefnið Education Plaza – Menntamiðja. Um var að ræða verkefni um uppbyggingu Menntamiðju og viðkomandi torga. Umsóknin fékk mjög jákvæða umsögn en náði þó ekki að fá styrkveitingu. Umsóknin var unnin áfram og lögð aftur fram til RANNÍS í júní 2014. Svava Pétursdóttir kynnti verkefnið fyrir hönd Menntamiðjuhópsins á EDEN ráðstefnunni í Osló í júní 2013 og hefur verkefnið verkið kynnt við mörg önnur tækifæri af þeim sem standa að Menntamiðju og tengdum torgum. Styrkir hafa fengist úr Kennslumálasjóði MVS-HÍ vegna verkefna í samstarfi við Menntamiðju, til Hönnunarmiðju 2013 og til að skipuleggja menntabúðir 2014-15.

### *Önnur verkefni*

Margt fleira hefur verið í gangi meðal stofn- og stuðningsaðila. Sumir eru að vinna að doktorsverkefnum, aðrir að meistaraverkefnum og einnig hafa háskólakennarar í hópnum verið að stunda rannsóknir og/eða veita nemendum í hópnum leiðsögn. Ásrún Matthíasdóttir og Tryggvi B. Thayer munu væntanlega ljúka doktorsverkefnum sínum innan tíðar. Þá eru margir að taka þátt í áhugaverðum þróunarverkefnum. Sem dæmi má nefna að á vegum Tungumálatorgsins hefur verið unnið að ýmsum verkefnum sem mörg hver hafa sterka tengingu við notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Nefna má þátttöku í stofnun UT-torgs, spjaldtölvuverkefni á leik- og grunnskólastigi, greinargerð um notkun snjalltækja í skólastarfi, námskeið um skólanámskrá í upplýsingatækni, gerð margvíslegs vefefnis og stofnun og þátttöku í ýmsum faghópum skólafólks á Facebook. Ýmsar stofnanir, sjóðir og skólafólk út um land allt hefur á margvíslegan máta stutt við verkefni á Tungumálatorginu. Nefna má þróunarsjóð skóla- og frístundaráðs, endurmenntunarsjóð grunnskóla, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Jöfnunarsjóður og Reykjavíkurborg. Verkefni Okkar mál í Fellahverfi sem er eitt af verkefnum á torginu hefur m.a. hlotið hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur og viðurkenninguna Orðsporið sem veitt er af kynningarnefnd Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla. Þá má nefna að við hjá RANNUM höfum fengið tilboð til þátttöku í umsóknum í Tækniþróunarsjóð RANNÍS um verkefni á vegum innlendra aðila (Locatify, MATÍS) en því miður hafa styrkir ekki fengist.

### **Vefmál, kynningarstarf, tengslanet, fræðsla**

Wordpress vefur er áfram á <http://skrif.hi.is/rannum>. Ákvörðun var tekin um að taka ekki upp staðlaðan vef á HÍ-vefnum) eins og aðrar rannsóknarstofur hafa gert. Skjalageymsla sem var á GoogleDocs var færð í Dropbox vorið 2011 og hefur það svæði áfram verið nýtt en vandamál kom upp sl. vor þar sem í ljós kom að gögn höfðu eyðst. Þau hafa þó náðst aftur að miklu en ekki öllu leyti. Tengslanetinu sem Sólveig og Salvör settu upp á NING (Upplýsingatækni og miðlun í menntun – samfélag þeirra sem stunda nám, kennslu og rannsóknir á sviðinu) er ennþá haldið úti. Þar eru nú 231 skráðir inn. Tengslanetið hefur aðallega verið notað til að koma á framfæri upplýsingum um fundi, ráðstefnur, málstofur o.fl. Nú eru 31 skráðir í RANNUM hópinn og er sendur út póstur og tilkynningar í gegnum kerfið. Kostnaður við NING vefinn er töluverður og skoða þarf hvort halda eigi honum áfram úti eða nýta fremur aðra möguleika svo sem Facebook.